

Alþingi
Erindi nr. P 139/2077
komudagur 20.4.2011



Alþingi nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 13. apríl 2011
Tilv.: IRR11030186/0.13.2

Innanráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga að þingsályktun varðandi Schengen sbr. tölvupóst nefndasviðs alþingis dags. 14. mars sl. Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli innanríkisráðherra „að láta gera ítarlega úttekt á áhrifum Shengen-samstarfsins á íslenskt þjóðfélag. Í úttektinni fælist m.a. að kanna skyldur Íslendinga og réttindi, kostnað við samstarfið, mannafla og tekjur af því.“ Innanríkisráðuneytið tekur undir gildi þess að meta gildi Schengensamstarfsins enda sé vandað til úttektarinnar og gildi Schengen samstarfsins metið á heildstæðan hátt. Af þessu tilefni minnir innanríkisráðuneytið á ítarlega skýrslu Evrópunefndar um „Tengsl Íslands og Evrópusambandsins“ sem forsætisráðuneytið gaf út fyrri hluta árs 2007. Í skýrslunni er m.a. fjallað um þátttöku Íslands í Schengen samstarfinu, en þátttaka Íslands í samstarfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála snýr fyrst og fremst að Schengen-samstarfinu og samningum sem tengjast því.

Minnir ráðuneytið á að meginmarkmið Schengen samstarfsins eru einkum tvíþætt: Annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna, enda er Schengen samstarfið nátengt einnjar af grunnstoðum innri markaðar ESB um frjálsa för ESB ríkisborgara, sem kveðið er á um í EES samningnum. Hins vegar er meginmarkmið Schengen að styrkja baráttu samstarfsríkjanna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi. Með þátttöku í Schengen færast innri landamæravarsla, þ.e. persónueftirlit með einstaklingum, í raun til ytri landamæra Schengen svæðisins. Samráð fer fram á vettvangi allra Schengen ríkjanna um öryggiskröfur, aðgerðir og útbúnað til vörslu á ytri landamærunum, til að fyllsta öryggis innan svæðisins sé gætt. Þá hefur Ísland í tengslum við Schengen-samstarfið einnig gert samstarfssamninga við fagstofnanir ESB sem settar eru upp til að aðstoða aðildarríkin við samvinnu í baráttunni gegn skipulögðum alþjóðlegum glæpum. Þar er um að ræða samstarfssamninga við Evrópulögregluna (Europol) og Evrópsku réttaraðstoðina (Eurojust), en að auki er Ísland í gegnum Schengensamstarfið aðili að Landamærastofnun Evrópu (Frontex).

Mælir ráðuneytið með því að vönduð og heildstæð úttekt á áhrifum Schengen samstarfsins fari fram og jafnframt að könnuð verði sérstaða Íslands sem eyrakis innan Schengen samstarfsins og hvaða möguleikar eru á sérstökum úrræðum til þess að tryggja landamæri Íslands.

Að lokum tekur ráðuneytið fram og leggur áherslu á að ítarleg og vönduð úttekt af þessu tagi getur orðið kostnaðarsöm m.a. vegna kynnisferða, kynnisfunda sérfræðiúttekta. Því er mikilvægt að til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Þórunn J. Hafstein